

GJALDSKRÁ um hundahald í Grímsnes- og Grafningshreppi.

1. gr.

Grímsnes- og Grafningshreppi er heimilt að leggja á sérstakt gjald vegna hundahalds samkvæmt samþykkt um hundahald í Grímsnes- og Grafningshreppi, nr. 60/2012.

2. gr.

Við handsömun hunds af starfsmanni sveitarfélagsins vegna brots á samþykkt um hundahald í Grímsnes- og Grafningshreppi, nr. 60/2012, skal eigandi hans greiða handsömunar- og geymslugjald.

Handsömunargjald er kr. 10.000.

Geymslugjald er kr. 2.000 á dag.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann 2. mars 2011 og staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands 26. apríl 2011, er sett með vísan til 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og samanber samþykkt um hundahald í Grímsnes- og Grafningshreppi nr. 60/2012. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 31. janúar 2012.

Ingibjörg Harðardóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 15. febrúar 2012